

Reykjavík, 23. janúar 2012

Til eigenda hlutdeildarskírteina Markaðsbréfa Landsbankans stuttra

Efni: Sameining sjóða og breytt fjárfestingarstefna

Í dag eru starfandi tveir Markaðsbréfasjóðir, Markaðsbréf Landsbankans stutt og Markaðsbréf Landsbankans löng. Efni þessa bréfs er að kynna fyrir hlutdeildarskírteinishöfum fyrirhugaða sameiningu þessara tveggja sjóða og breytta fjárfestingarstefnu í kjölfarið.

Stjórn Landsvaka hf. (sem er rekstrarfélag áðurnefndra verðbréfasjóða) hefur tekið ákvörðun um samruna verðbréfasjóðsins Markaðsbréfa Landsbankans stuttra við verðbréfasjóðinn Markaðsbréf Landsbankans löng. Fyrirhugaður samruni er gerður með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Aðstæður á markaði fyrir blandaðan skuldabréfasjóð sem fjárfestir í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, skuldabréfum útgefnum af fjármálafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum eru erfiðar. Framboð er lítið og aðallega af bréfum með löngum líftíma sbr. skuldabréf útgefin af sveitarfélögum og sértryggð skuldabréf útgefin af fjármálastofnunum. Það er því afstaða Landsvaka að hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa Markaðsbréfa Landsbankans stuttra sé best borgið með samruna við Markaðsbréf Landsbankans löng. Markaðsbréf Landsbankans löng munu geta fjárfest í blönduðu safni skuldabréfa eins og aðstæður eru í dag.

Með þessu bréfi viljum við upplýsa eigendur hlutdeildarskírteina í Markaðsbréfum Landsbankans stuttum að eign þeirra færast inn í Markaðsbréf Landsbankans löng. Sameining Markaðsbréfa Landsbankans stuttra og Markaðsbréfa Landsbankans langra mun eiga sér stað þann 16. febrúar nk.

Eigendur hlutdeildarskírteina Markaðsbréfa Landsbankans stuttra hafa því tíma til að taka afstöðu til þessara breytinga fram til 16. febrúar nk. en þá mun eign þeirra sjálfkrafa færast inn í Markaðsbréf Landsbankans löng. Sameinaður sjóður mun framvegis bera nafnið Markaðsbréf. Við færsluna mun enginn kostnaður falla á sjóðfélaga og markaðsvirði hlutdeildarskírteina helst óbreytt.

Ásamt því að sameina sjóðina mun ný fjárfestingarstefna sameinaðs sjóðs taka gildi þann 14. febrúar nk. Þar sem aukin áhersla er á eignir aðrar en ríkisskuldabréf. Helsta breytingin felst í auknum fjárfestingum í skuldabréfum sveitarfélaga og auknum heimildum hvað varðar innlán.

Fjárfestingarstefna fyrir breytingar:

Tegund verðbréfa og sjóða	Lágmark	Hámark
Skuldabréf, víxlar og aðrar kröfur með ríkisábyrgð	60%	100%
Skuldabréf, víxlar fjármála- og lánastofnana	0%	40%
Skuldabréf traustra fyrirtækja	0%	20%
Skuldabréf, víxlar og aðrar kröfur með ábyrgð sveitarfélaga	0%	20%
Innlán	0%	20%
Afleiður vegna stöðutöku	0%	10%

Fjárfestingarstefna eftir breytingar:

Tegund verðbréfa og sjóða	Lágmark	Hámark
Skuldabréf, peningamarkaðsgerningar og aðrar kröfur með ábyrgð íslenska ríkisins	20%	80%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar með ábyrgð íslenskra sveitarfélaga	20%	60%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar með ábyrgð fjármálafyrirtækja	0%	40%
Skuldabréf og peningamarkaðsgerningar með ábyrgð annarra fyrirtækja	0%	20%
Innlán	0%	60%
Afleiður vegna stöðutöku	0%	10%

Eigendum hlutdeildarskírteina er bent á að breyttri fjárfestingarstefnu getur fylgt aukin skuldaraáhætta. Þeir sem ekki eru tilbúnir til að taka þá áhættu er bent á úrval ríkisskuldabréfasjóða undir nöfnum Sparibréfa. Þeir fjárfesta 90-100% í skuldabréfum og víxlum íslenska ríkisins en hafa einnig heimild til fjárfestingar í innlánum 0-10%. Sparibréfasjóðirnir eru mismunandi hvað varðar verðtryggingarhlutfall og meðallíftíma og þar með vaxtaáhættu. Eftirtaldir Sparibréfasjóðir eru í boði:

Sparibréf stutt, Sparibréf meðallöng, Sparibréf löng, Sparibréf verðtryggð og Sparibréf óverðtryggð.

Eigendum hlutdeildarskírteina í Markaðsbréfum Landsbankans stuttum er heimilt að færa eign sína í aðra sjóði Landsvaka (Landsbankans) sér að kostnaðarlausu til 15. febrúar. Þó ber að athuga að skattstofn til fjármagnstekjuskatts getur myndast við innlausn.

Nánari upplýsingar um sjóðina má nálgast á landsbankinn.is, landsvaki.is eða hjá verðbréfa- og lífeyrisráðgjöfum Landsbankans í síma 410 4040 eða fjarmalaradgjof@landsbankinn.is. Þeir veita jafnframt ráðgjöf um það sparnaðarform sem hentar þér best.

Kveðja,

starfsfólk Verðbréfa- og lífeyrisráðgjafar Landsbankans